

Borgarráð

***Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um synjun Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins á umsókn Ölgerðarinnar um áfengisveitingaleyfi vegna mótuneytis.***

Á fundi borgarráðs 7 maí sl. var svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins lögð fram:

*Flokkur fólksins veltir fyrir sér af hverju slökkvilið höfuðborgarsvæðis neitar Ölgerðinni um áfengisleyfi þegar heilbrigðiseftirlit og byggingarfulltrúi veita það. Um er að ræða framlengingu á leyfi? Segir að umbeðin gögn hafa ekki borist. Fulltrúa Flokks fólksins finnst sem hann sjái ekki oft mál sem þetta, þar sem bæði heilbrigðiseftirlit og byggingarfulltrúi hafi veitt jákvæða umsögn en Slökkviliðið neikvæða. Þetta fyrirtæki er að sækja um framlengingu á tímabundnu áfengisleyfi. Hverjar eru mögulegar athugasemdir slökkviliðsins og af hverju vega þær svo þung að ekki er hægt að framlengja leyfið þegar byggingarfulltrúi og heilbrigðiseftirlit hafa veitt leyfi? Óskað er skýringa.*

Um meðferð rekstrarleyfa fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Útgáfan er háð því að kröfur á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og laga um matvæli séu uppfyllt og, eftir því sem við á, að starfsleyfi sem gefin eru út af heilbrigðisnefndum sveitarfélaga fáiast fyrir þeirri starfsemi sem umsókn lýtur að. Þegar fullnægjandi umsókn um rekstrarleyfi hefur borist sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu skal hann þegar í stað senda umsókn til umsagnaradila sem eru eftirfarandi í Reykjavík:

Skrifstofu borgarstjórnar (f.h. borgarráðs í samræmi við ákvæði viðauka 2.1. við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar) sem m.a. staðfestir eftirfarandi atriði :

- a. að starfsemi sé í samræmi við byggingarleyfi og skipulagsskilmála samkvæmt **umsögn byggingarfulltrúa**
- b. að lokaúttekt hafi farið fram á húsnæðinu samkvæmt **umsögn byggingarfulltrúa**
- c. að afgreiðslutími og staðsetning staðar sem umsókn lýtur að sé innan þeirra marka

sem reglur og skipulag sveitarfélagsins segja til um, samkvæmt **umsögn skipulagsfulltrúa og málsmeðferðarreglum borgarráðs**

d. að starfsemi sé í samræmi við ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og laga um matvæli og þegar við á, mat heilbrigðisnefndar á grenndaráhrifum starfseminnar, þ.m.t. hljóðvist, samkvæmt **umsögn heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur**

e. að kröfum um brunavarnir sé fullnægt samkvæmt mati og **umsögn slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins**

Umsögn Reykjavíkurborgar er neikvæð ef einhver ofangreindra aðila leggst gegn útgáfu leyfisins enda kemur fram í lögnum að leyfisveitanda er óheimilt er að gefa út rekstrarleyfi ef einhver framangreindra aðila leggst gegn útgáfu leyfisins og skal rekstrarleyfi jafnframt bundið þeim skilyrðum sem fram kunna að koma í umsögnunum. Það er því alvanalegt að umsagnir um mismunandi þætti geti verið ýmist jákvæðar eða neikvæðar þegar verið er að vinna að heildarumsögn Reykjavíkurborgar enda eiga umsagnaraðilar að veita umsögn um afmarkaði þætti eins og rakið var að ofan.

Jafnframt er minnt á að skrifstofustjóri borgarstjórnar afgreiðir, án staðfestingar borgarráðs, umsagnir um rekstrarleyfi veitinga- og gististaða skv. 1. tölul. 4. mgr. 10. gr. laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007, enda sé umsögnin í samræmi við málsmeðferðarreglur borgarráðs um veitingastaði og gististaði. Með sama hætti gefur hann umsagnir um tækifærisleyfi og tímabundin áfengisveitingaleyfi skv. 17. og 18. gr. laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Afgreiðslur skrifstofustjóra skulu lagðar fram **til kynningar** á næsta reglulega fundi borgarráðs.

Virðingarfyllt

Helga Björk Laxdal  
skrifstofustjóri borgarstjórnar